

## Almennir skilmálar Gagnaveitu Skagafjarðar

1. Skilmálar þessir gilda fyrir notkun heimilis á ljósleiðaratengingu frá Gagnaveitu Skagafjarðar.
2. Gjald fyrir aðgang að ljósleiðaratengingu til heimila er kr. 77.90.- án/vsk. á dag eða kr. 2.975.- m/vsk. á mánuði að meðaltali miðað við ársnotkun. Gagnaveita Skagafjarðar áskilur sér rétt til verðbreytinga og skulu þær kynntar notendum með minnst 1 mánaðar fyrirvara og á heimasíðu fyrirtækisins [www.gvs.is](http://www.gvs.is)
3. Gagnaveita Skagafjarðar lætur notanda í té nýtt netaðgangstæki í skiptum fyrir það sem bilað hefur við eðlilega og venjulega notkun. Eyðileggist netaðgangstæki vegna rangrar meðferðar eða hirðuleysis notanda getur Gagnaveita Skagafjarðar krafð viðskiptavin um bætur
4. Viðskiptavini er heimilt að segja upp áskriftasamningi með 1 mánaðar fyrirvara. Uppsögn miðast við upphaf nýs reikningstímabils, þann 1. hvers mánaðar. Ef uppsögn berst síðar þá tekur hún ekki gildi fyrr en um næstu mánaðamót þar á eftir. Viðskiptavinur skal tilkynna um uppsögn sína með skriflegum hætti með því að senda tölvupóst á [gagnaveita@gvs.is](mailto:gagnaveita@gvs.is) eða með undirrituðu bréfi. Í tilkynningunni þarf að koma fram fullt nafn viðskiptavinar, kennitala og heimilisfang.
5. Gagnaveita Skagafjarðar áskilur sér rétt til að breyta notendaskilmálum. Allar breytingar skulu kynntar notendum með minnst 1 mánaðar fyrirvara og á heimasíðu fyrirtækisins [www.gvs.is](http://www.gvs.is)
6. Sé netaðgangstæki viðskiptavinar stolið ber honum að tilkynna þjófnaðinn tafarlaust til Gagnaveitu Skagafjarðar.
7. Almennur afgreiðslufrestur Gagnaveitu Skagafjarðar er 5 virkir dagar frá og með pöntun.
8. Verði bilun á netaðgangstæki ber að tilkynna það til umsjónaraðila kerfis Gagnaveitu Skagafjarðar í sérstakt þjónustunúmer **858 9200**.
9. Óheimilt að veita aðilum utan heimilis eða skráðs notkunarstaðar, s.s.öðrum íbúum fjölbýlishúsa, aðgang að ljósleiðaratengingu Gagnaveitu Skagafjarðar.
10. Gagnaveita Skagafjarðar tekur ekki ábyrgð á fjárhagslegu tjóni sem rekja má til uppsetningar, sambandsleysis eða annarra truflana sem kunna að verða vegna ljósleiðarauppsetningar.
11. Skráður réttthafi ber alla ábyrgð á greiðslum til Gagnaveitu Skagafjarðar vegna notkunar á viðkomandi ljósleiðaratengingu.
12. Gjald dagi er fyrsti hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.
13. Falli gjöldin í eindaga ber áskrifenda að greiða dráttarvexti af skuldinni frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við III. kafla vaxtalaga nr.38/2001.
14. Sé áskrift ekki greidd á gjalddaga áskilur Gagnaveita Skagafjarðar sér rétt til að loka á aðganginn án fyrirvara. Gagnaveita Skagafjarðar ber enga ábyrgð á hugsanlegri röskun, óþægindum eða tjóni sem verða vegna lokunar.
15. Gagnaveita Skagafjarðar áskilur sér rétt til að fella samning úr gildi séu ofangreindar reglur ekki virtar.
16. Að öðru leyti gilda skilmálar samstarfsaðila Gagnaveitu Skagafjarðar um þá þjónustu sem við á hverju sinni um ljósleiðaratenginguna.